

## Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um eignarhald ríkisins á fyrirtækjum.

Frá Eygló Harðardóttur.

1. Hyggst ráðherra marka almenna eigendastefnu um eignarhald ríkisins á ýmsum fyrirtækjum?
2. Hvaða fyrirtæki telur ráðherra rétt að einkavæða og hvaða fyrirtæki telur ráðherra rétt að séu í ríkiseigu?
3. Á ríkið að vera skammtíma- eða langtímafjárfestir í fyrirtækjum?